

Sp.

## 8. Tillaga til þingsályktunar

[8. mál]

um aukningu orkufreks iðnaðar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna, sem fjalli um stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar.

Nefndin skal hafa náð samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Hún skal skila Alþingi og ríkisstjórn skýrslum um valkosti, meðal annars varðandi gerð og stærð iðjuvera, staðsetningu, fjármögnun, hugsanlegt samstarf við erlenda aðila, fjölda atvinnutækifæra og annað, er áhrif hefur á þjóðarhag.

### Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er, að Alþingi ákveði stórauðnað hagnýtingu á orkulindum landsins til iðnvæðingar, er geti stöðvað afturför lífskjara og tryggt með sem skjótustum hætti batnandi afkomu, aukið atvinnuöryggi, fjölgað atvinnutækifærum og stöðvað landflotta. Beinum tekjum ríkisins af stórum iðjuverum verði síðan varið til uppbyggingar á almennum iðnaði víðs vegar um landið.

Íslenska þjóðin býr nú við mikla óvissu um lífskjör sín og afkomu. Vöxtur þjóðarframleiðslu verður samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar minni í ár en hann var árin 1976—79. Þótt hann verði 1—2%, er búist við að rýrnun viðskiptakjara um 6% valdi því, að þjóðartekjur dragist saman um ½—1% á árinu. Hækkun olíuverðs og aðrar hækkanir í viðskiptalöndum ýta undir verðbólgu hér á landi, en þar við bætist heimatilbúinn vandi, svo að árangurinn er óðaverðbólga og hraðversnandi viðskiptajöfnuður við önnur lönd.

Sjávarútvegur er og verður höfuðatvinnugrein þjóðarinnar, en hann þarf nú að byggja upp fiskstofna og laga sig að breyttum samkeppnisaðstæðum á mörkuðum. Landbúnaður glímur við offramleiðslu og aðlögun að heimamarkaði. Almennur iðnaður býr við aukna samkeppni vegna fríverslunar. Allar þessar atvinnugreinar verða að fá óskiptan stuðning þjóðar og ríkisvalds á komandi árum, en þeim mun verða styrkur að fjölbreyttara og öflugra atvinnulífi, sem getur tekið við verulegum hluta af mannfjölgun á vinnumarkaði, styrkt gjaldeyrisstöðuna og dregið úr brottflutningi fólks næstu 1—2 áratugi. Þannig á að móta alhliða íslenska atvinnustefnu.

Það er gæfa Íslendinga að geta fylgt slíkri stefnu með því að hagnýta hið „hvíta gull“, orkulindir fallvatna og jarðhita. Áætlað er að enn hafi ekki verið virkjað nema um 10% af vatnsorku í landinu, þegar frá hefur verið dregið það sem ekki verður nýtt vegna umhverfissjónarmiða. Minna er vitað um hugsanlega nýtingu jarðhita, en sérfróðir menn telja að vart hafi nema 6% af virkjanlegri orku í landinu verið beisluð, ef litið er til hvors tveggja, fallvatna og jarðhita. Samt erum við Íslendingar þriðja mesta raforkuþjóð heims sé miðað við framleidda orku á hvern íbúa, og standa aðeins Norðmenn og Kanadamenn framar.

Um þessar mundir er að ljúka stóraföngum við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og álverið í Straumsvík, en Hrauneyjafossvirkjun mun taka til starfa á næsta ári. Nú er því tímabært að móta stefnu fyrir a. m. k. næsta áratug um orkuframleiðslu og taka um leið ákvörðun um hagnýtingu orkunnar umfram venjulegan vöxt orkuþarfar í landinu. Gefur auga leið að hinar miklu orkulindir verða ekki nýttar á hagkvæmari hátt en með orkufrekum iðnaði, og er því nauðsynlegt að taka ákvarðanir um samhliða þróun á því sviði.

Iðnaðarráðherra hefur skýrt svo frá, að orkufrekur iðnaður sé til athugunar í ráðuneyti hans, en lítið sem ekkert hefur frést af þeirri athugun, nema hvað snertir undirbúning virkjana. Þar eð taka verður örlagaríkar, stefnumarkandi ákvarðanir virðist nauðsynlegt að um þetta mál fjalli hópur manna, þar sem allir þingflokkar eiga fulltrúa, enda koma slík mál til kasta Alþingis á lokastigi. Þegar samningar um álverið í Straumsvík voru undirbúnir var sett upp nefnd með tveim fulltrúum frá hverjum þingflokki, og vann hún mikið starf sem tryggði að þingflokkarnir fengju með góðum fyrirvara allar nauðsynlegar upplýsingar til að taka afstöðu til málsins.

Þá er þess að gæta, að núverandi iðnaðarráðherra virðist áhugalítill um stóriðju. Flokkur hans, Alþýðubandalagið, hefur barist gegn stóriðju, og hefði það ráðið þessum málum síðustu 15 ár, má telja víst að hér væri hvorki álver né járnblendiverksmiðja. Hins vegar er ástæða til að ætla að meiri hluti alþingismanna sé almennt fylgjandi frekari stóriðju, og er því rík ástæða til að þingflokkar taki frá upphafi þátt í könnun málsins og athugun á valkostum.

Alþýðuflokkurinn hefur stutt uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi og lagasetningu Alþingis um þau mál. Flokkurinn hefur verið andvígur hugmyndum um að opna allar dyr fyrir erlendu fjármagni til slíks iðnaðar, en hefur talið rétt að Alþingi fjalli um hvert mál fyrir sig. Þessi er enn stefna flokksins. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða allra meina bót í efnahagsmálum, heldur einn veigamikinn þátt sem getur bætt og tryggt afkomu þjóðarinnar í framtíðinni.

Á síðastliðnum áratug hafa verið reist tvö orkufrek iðjuver, álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Nokkur reynsla er því fyrir hendi af starfsemi þeirra, og má henda á eftirfarandi atriði:

- 1) Miklar gjaldeyristekjur hafa verið af verksmiðjunum og er talið að þær muni á næsta ári nálgast 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar.
- 2) Nálægt 1000 manns hafa atvinnu við verksmiðjurnar. Þær eru ekki „láglaunarsvæði“, eins og andstæðingar þeirra spáðu, heldur veita þær góð kjör og góð vinnuskilyrði, enda eru starfsmannaskipti lítil og störf við verksmiðjurnar eftir-sótt.
- 3) Lítið sem ekkert hefur borið á félagslegum vandamálum af völdum þessara iðjuvera. Hins vegar hafa þau aukið velmegun næstu byggða.
- 4) Með byggingu og rekstri verksmiðjanna, sem er að langmestu leyti í höndum Íslendinga, hefur flust inn í landið þýðingarmikil tæknikunnátta og reynsla.
- 5) Hvað áhrif verksmiðjanna á lífrænt umhverfi okkar snertir er ljóst að of litlar kröfur voru gerðar til álversins um mengunarvarnir, og hefur enn ekki verið að fullu bætt úr því. Hins vegar er reynsla af verksmiðjunni á Grundartanga önnur og bendir til þess, að með nýjustu hreinsitækjum megi hindra mengun og náttúruskemmdir. Þó er nákvæmum umhverfisrannsóknnum ekki lokið.
- 6) Ýmsar þjónustugreinar, sérstaklega málmíðnaður, hafa eflst við tilkomu verksmiðjanna. Enn eru óbyggðar verksmiðjur sem taka við fljótandi áli og móta úr því margvíslega hluti, eins og gera maetti í Straumsvík.

Vafalaust má einnig telja fram ókosti sem stóriðjan hefur. Erfitt er þó að komast hjá þeirri ályktun, að kostirnir séu stórum veigameiri en gallarnir, og hrakspár um iðjuverin hafa ekki ræst.

Eitt viðkvæmasta deilumál í sambandi við orkufrekan iðnað hér á landi hefur verið og verður trúlega lengi þátttaka erlendra aðila. Um það efni setur Alþýðuflokkurinn ekki fram fasta formúlu og telur að fara verði eftir aðstæðum í hverju tilviki, en markmiðið eigi að sjálfsögðu að vera eins stór hlutur í íslenskum höndum og framast er unnt. Meta verður hverju sinni hve mikla fjárhagslega áhættu Íslendingar vilja taka, hver þörf er að sækja tæknikunnáttu til annarra landa og hver þörf er samstarfs um öflun hráefna eða markaðsmál.

Um þennan þátt sagði Jóhannes Nordal seðlabankastjóri í erindi síðastliðið vor: „Ég er til að mynda ekki í vafa um það, að Íslendingar hafa nú bolmagn til

þess og lánstraust með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er, að ráðast í nýtt stóriðjufyrirtæki sambærlegt við þau, sem fyrir eru, sem yrði algerlega í íslenskri eigu.“

Svonefndir fjölþjóðahringar, hin alþjóðlegu stórfyrirtæki, eru um margt varhugaverðir, enda sumir svo völdugir að þeir gætu gleypst íslenskt efnahagslíf með húð og hári. Rétt er fyrir smáþjóð að hleypa ekki slíkum hringum til áhrifa í landi sínu. Þrátt fyrir það má þjóðin ekki hræðast samskipti við erlenda aðila eða óttast að hún geti ekki haft skipti við þá með fullri reisn án þess að verða hlunfarin. Reynslan hefur þegar sýnt að hér býr framsækið og menntað fólk sem getur ráðið við öll verkefni stóriðju.

Staðsetning stóriðjuvera getur orðið viðkvæmt deilumál. Telja kunnugir að á næstu árum sé í þeim efnum um tvær meginstefnur að ræða. Annars vegar eru þegar til mannvirki, rafleiðslur, hafnir, vegir o. fl., sem gera stækkun þeirra verksmiðja, sem fyrir eru, mjög hagkvæma. Hins vegar eru þau sjónarmið, að þjóðarnauðsyn sé að dreifa nýjum verksmiðjum um landið og safna ekki allri stóriðju á suðvesturhornið. Það yrði eitt af verkefnum væntanlegrar nefndar að kanna valkosti í þessu efni og leggja fyrir þing og stjórn, ef til vill með eigin tillögum.

Íslenskt atvinnulíf á um þessar mundir í vök að verjast. Atvinnuöryggi er minna en það hefur verið og brottflutningur af landi burt fer ískyggilega vaxandi. Stórframkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar næstu tvo áratugi eru án efa besta tækifærið til að auka atvinnu, bæta og tryggja lífskjör þjóðarinnar. Þetta mál er svo stórt í sniðum að ekki dugir að púkrast sé með það í einu ráðuneyti. Því er þessi tillaga flutt um að kalla nú þegar til fulltrúa allra þingflokka, sem með sérfróðustu mönnum undirbúi málið vandlega og án tafar til endanlegrar ákvörðunar Alþingis.